

Fundargerð. *Stjórnarfundur nr. 102.*

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn á Hótel Varmahlíð 1. júní 2022 kl 16:00. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson, Sveinn F. Úlfarsson og Snorri Finnlaugsson, áheyrnarfulltrúi frá Flokkun Eyjafjarðar.

Dagskrá

1. Verkaskipting stjórnar
2. Fundargerð 101. fundar
3. Starfsmannamál
4. Almennt um rekstur
5. Önnur mál

1. Verkaskipting stjórnar.

Á aðalfundi Norðurá bs., sem haldinn var 20. apríl sl., var stjórnin endurkjörin. Fyrir liggur tillaga um sömu verkaskiptingu og áður, Magnús B. Jónsson formaður, Einar E. Einarsson, ritari og Sveinn Úlfarsson, meðstjórnandi. Tillagan samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð 101 fundar.

Fundargerð frá stjórnarfundum nr. 101 samþykkt og undirrituð formlega.

3. Starfsmannamál.

Fannar J. Viggósson hefur óskað eftir veikindaleyfi frá og með 13.06.2022. Áætluð lengd þess eru þrjú mánuðir. Jafnframt gerir Fannar ráð fyrir að ljúka störfum fyrir Norðurá bs. í árslok 2022. Samþykkt að auglýsa eftir nýjum verkstjóra. Magnúsi falið að vinna áfram auglýsingu eftir verkstjóra samkvæmt fyrirbyggjandi drögum og umræðu á fundinum og setja hana svo í auglýsingaferli. Fannar Viggósson var í símasambandi undir hluta þessa liðar.

4. Almennt um rekstur.

Reksturinn gengur almennt vel en tölur um um heildarmagn á urðuðu sorpi á fyrstu 5 mánuðum ársins benda til aukinnar sorpurðunnar frá árinu 2021.



5. Önnur mál

Lögð fram til kynningar niðurstaða EFTA dómstólsins, frá 10. mars 2022 sem ESA (EFTA Surveillance Authority) lagði fyrir dóminn 2018 um vanrækslu og vanefndir Íslands varðandi brot á reglugerðum (EC) No 1069/2009 og (EU) No 142/2011 um eyðingu á lífrænum dýraúrgangi og aukaafurðum frá bæði afurðastöðvum og bændabýlum.

Stjórn samþykkti að leita til Sambands íslenskra sveitarfélaga um frekari upplýsingar um þýðingu þessa dóms fyrir sveitarfélög og ríki.

Einar E. Einarsson, ritaði fundargerð.

Fundi slitið kl. 17:30

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson

Sveinn F. Úlfarsson

Snorri Finnlaugsson